

BORGARRÁÐ 9. mars 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um óháða úttekt á starfsemi SORPU – MSS23030056

Flokkur fólksins leggur til að óháður aðili verði fenginn til að rannsaka stórfelld mistök fyrri stjórnar SORPU. Ein þeirra er móttökuflokkunarstöðin í Álfnesi sem ákveðið hefur verið að loka. Milljarður er farinn í súginn. Varað var rækilega við að þessi framkvæmd myndi aldrei ganga en á það var ekki hlustað. Þáverandi stjórn lofaði vindflokkunarvélina Kára í hástert og út úr ferlinu kæmi moltunarhæft lífrænt efni. Fjölmargir, þ.m.t. fulltrúi Flokks fólksins, bentu á að það væri útilokað að hreinsa lífrænan úrgang með þessari tækni. Það lá fyrir, svona fyrir flestum alla vega, að molta sem unnin er úr blandaðri tunnu geti aldrei orðið söluhæf. Nú orðar framkvæmdastjóri SORPU þetta þannig að viðurkennt er að það hafi verið mistök að kaupa flokkunarkerfi sem vitað var að myndi ekki skila af sér nýtingarhæfu efni. Hver kaupir kerfi sem hann veit að mun ekki virka? Þetta ferli þarf að rannsaka til hlítar.